

Kennsluáætlun


SPJALL

opin spjallsvæði,
msn o.fl.



NEMENDAHÓPUR:
10-12 ára

TÍMALENGD:
40 mín - 1 klst.



INNGANGUR

Ungt fólk er duglegt að nýta sér tæknina þegar kemur að samskiptum. Auðvelt er að hafa uppi á fólki hvar sem það er stutt í heiminum og skilaboðin komast fljótt og auðveldlega til skila. Persónulegar upplýsingar eru orðnar aðgengilegri en áður og eins virðist fólk ekki veigra sér við að setja upplýsingar um sig á heimasíður eða senda þær með einum eða öðrum hætti í gegnum netið.

MARKMIÐ

Markmið þessa verkefnis er að vekja nemendur til umhugsunar um það hvað þau skrifa á netið og gera þá færari um að taka þátt í öruggu spjalli á netinu.

FYRIR KENNARANN

Undirbúningur:

Áður en þessi kennslustund hefst þyrfti að vera búíð að kynna nemendum einföldu reglurnar um notkun netsins.

Fjölríta verkefnablöð fyrir nemendur.

Kveikja / spjall við nemendahóp:

Spyrja krakkana hvort þeir hafi nokkurn tímann notað spjallrásir.

Hafa þeir einhvern tímann spjallað við einhvern sem þeir vissu ekki hver var.

Eiga krakkarnir vini úti á landi, eða í öðru landi sem þeir hafa samband við.

Verkefnavinna:

Útbúið 4-5 manna hópa og hver hópur fær verkefnablöð með spurningum á. Allir í hópnum eiga að koma með sína skoðun á hverju verkefni en hópurinn þarf svo að koma sér saman um svar og skrifa það á verkefnablaðið. Í lok tímans er svo hægt að láta hvern hóp taka eina til tvær spurningar og lesa upp fyrir bekkinn, við það geta myndast umræður í bekknum.

ÍTAREFNI

Spjall á netinu er aðferð til að halda uppi lifandi samræðum fólks með því að vélrita texta í ákveðinn glugga í þar til gerðu forriti. Þegar textinn er sendur af stað sjá hann allir sem tengdir eru þeirri spjallrás. Segja má að þátttaka á spjallrásum sé félagslegt athæfi og er mjög vinsælt hjá ungu fólki að „hittast“ þar og kynnast nýju fólki. Netspjall getur verið mjög jákvætt fyrir fólk sem hefur orðið fyrir fordómum hvers konar því fólk hittist á jafnræðisgrundvelli á spjallrásum.

© Heimili og Skoli,

Algengustu forrit sem notuð eru til að eiga samskipti sem við köllum skyndiskilaboð, eru *MSN Messenger*, *ICQ* og *Yahoo Messenger*. Þetta eru forrit sem gera fólki mögulegt að eiga samskipti sín á milli með textaskilaboðum í rauntíma. Texti fer á milli eins eða fleiri aðila sem hafa heimilid til að taka þátt í „samræðunum“. Munur á samskiptum sem fara fram á spjallrásunum og skyndiskilaboðum eru aðallega þau að aðrir en þeir sem eiga samskiptin eiga ekki að geta séð skilaboðin. Einnig má skiptast á skráum með þessum hætti. Skyndiskilaboð eru vinsæl samskiptaleið, einkum milli vina og vinnufélaga sem skiptast á fréttum, gróusögum ofl. Hægt er að búa til vinalista og bæta inn á hann aðilum sem nota samskonar forrit. Þegar notandi er tengdur netinu fær hann upplýsingar þegar aðilarnir á listanum tengjast og þannig geta menn séð hverjir úr vinalistunum eru tengdir hverju sinni. Flest forrit bjóða þann möguleika að notendur skilgreini áhugamál sín og geti þannig fundið nýja félagi með sömu eða svipuð áhugamál.

© Heimili og Skoli,

FYRIR NEMENDUR

Í þessu verkefni er fylgst með Önnu sem er vinkona Elínar. Anna er 13 ára og er nýflutt til Reykjavíkur utan af landi og pabbi hennar keypti henni fartölvu svo hún gæti haldið áfram sambandi við vini sína þar á meðal Elínu. Anna nýtir tölvuna vel og er oft á spjallrásum að spjalla við vini sína og hún nýtir tölvupóstinn sinn líka vel. Það er líka ókunnugt nafn inni á spjallrásinni hennar, einhver sem hún þekkir ekki. Hún er ekki viss um hvornig hún á að eiga við þetta og sendir Elínu oft fyrirspurnir í gegnum netið um hitt og þetta. Hún ert jú æskuvinkona hennar.

Öll skilaboðin sem þú sérð hér á eftir eru frá Önnu til Elínar vinkonu. Þú þarft að setja þig í spor Elínar, lesa skilaboðin og reyna að leiðbeina Önnu eins vel og þú getur. Athugaðu að þetta er ekki keppni hver verður fyrstur að klára verkefni, heldur þarftu að hugsa vel um hvornig þú myndir bregðast við.



